



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/568
komudagur 5.1.2006

Reykjavík, 2. desember 2005

R04100023

6206

ÓKH/jb

Forseti Alþingis
Sólveig Pétursdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

4615

Lagning Sundabrautar

Á fundi borgarráðs 1. þ.m. var til umræðu undirbúningur að lagningu Sundabrautar.
Bókun borgarráðs:

Lagning Sundabrautar er mikið hagsmunamál borgarbúa og landsmanna allra og löngu tímabær. Borgarráð Reykjavíkur fagnar þeim áföngum í undirbúningi Sundabrautar að mati á umhverfisáhrifum sé lokið og að nú liggi fyrir Alþingi tillaga um fjárveitingu til fyrsta áfanga verksins. Næstu skref verða að vinnast hratt og vel. Því er nauðsynlegt að niðurstöðu umhverfisráðherra verði fylgt eftir í öflugum samráði framkvæmdaaðila og íbúa þar sem kannaðar verði bestu lausnir á útfærslu á innri og ytri leið.

Af hálfu Reykjavíkurborgar liggur fyrir tillaga um að samráðshópur skipaður fulltrúum framkvæmdaráðs, skipulagsráðs og umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, Íbúasamtökum Grafarvogs og Íbúasamtökum Laugardals, auk fulltrúa Faxaflóahafna og Vegagerðarinnar sinni í senn samráði því sem áskilið er í úrskurði umhverfisráðherra við íbúa og hagsmunaaðila í Sundahöfn sem og samráði vegna undirbúnings fyrirsjáanlegra breytinga á skipulagi vegna lagningar Sundabrautar. Í greinargerð með frumvarpi til laga um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands er lagt til að fé verði veitt til lagningar Sundabrautar, en “sú ákvörðun tekur mið af því að svokölluð innri leið verði valin”. Fer borgarráð þess á leit við Alþingi að öll tvímæli verði tekin af um að fjárveitingunni fylgi ekki fyrirfram gefin skilyrði varðandi niðurstöðu þess samráðs sem framundan er.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Samrit:
Forseti Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Formenn Þingflokka